

Félag austfirskra kvenna í Reykjavík



Ársskýrsla 2025-2026

Mars 2026

Inngangur

Á aðalfundi Félags austfirskra kvenna í Reykjavík árið 2025 var kosið í stjórn félagsins. Kristín Hjartardóttir gaf ekki áfram kost á sér til stjórnarstarfa og var auglýst eftir framboðum í það sæti. Jónína Dagmar Ásgeirsdóttir var eina sem gaf kost á sér í sætið og var eftirfarandi stjórn kjörin til eins árs:

Oddný Vala Kjartansdóttir, formaður
Margrét Fríða Unnarsdóttir, varaformaður
Kristín Ásbjarnardóttir, gjaldkeri
Halla Kjartansdóttir, ritari
Bjarney Aðalheiður Pálsdóttir, meðstjórnandi
Herdís Pétursdóttir, meðstjórnandi
Jónína Dagmar Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi



Stjórnin 2025 – 2026: Halla, Magga, Kristín, Oddný Vala, Bjarney, Herdís og Jónína Dagmar.

Starfsemin á milli aðalfunda

Félagið stóð fyrir sex kaffifundum á milli aðalfunda. Fundirnir voru haldnir fyrsta mánudag í apríl, september, október, nóvember og desember árið 2025 og svo í febrúar 2026.

Eins og venjulega var fundarhlé í maí, júní, júlí og ágúst. Einnig var gert fundarhlé í janúar, skv. venju. Mjög góð mæting var á alla fundi félagsins á starfsárinu enda veðurfar með afbrigðum gott þennan veturinn.

Haldið var spilabingó á aprílfundinum og jólahappdrætti á desemberfundinum en þessir viðburðir bæta umtalsverðu við tekjur félagsins til viðbótar við tekjum af hefðbundnum kaffifundum. Vinningarnir voru glæsilegir og fjölmargir svo það var til mikils að vinna.

Stjórnarkonur, margar félagskonur, velviljaðir einstaklingar og fyrirtæki gáfu vinninga í spilabingó og jólahappdrætti félagsins og fyrir það er félagið afskaplega þakklátt. Það er afskaplega dýrmætt að eiga svona marga að sem sýna félaginu stuðning í verki með ýmsum hætti.

Á aðalfundinum í mars 2025 var hattapema og á októberfundinum var bleikt þema í tilefni af Bleikum október.

Sem fyrr gáfu félagskonur veitingar á kaffihlaðborð félagsfundanna og gekk vel að manna kaffinefndirnar. Veitingarnar á fundum eru rómaðar og gera félagskonur þeim góð skil. Allar kaffinefndirnar sem störfuðu á starfstímabilinu fá innilegar þakkir fyrir framlagið til félagsstarfsins og aðstoðina. Elísabetu Magnúsdóttur eru færðar sérstakar þakkir fyrir að útbúa brauðtertur á nánast hvern fund. Stjórnarkonur hafa einnig hlaupið undir bagga með veitingar þegar þess hefur þurft.

Annar stuðningur við starf félagsins

Öll þau sem komu fram á fundum félagsins á milli aðalfunda gáfu sína vinnu. Öll hafa þau tengingar austur á land og sýndu félaginu einstakan velvilja og stuðning með framlagi sínu. Kann félagið þeim öllum innilegar þakkir fyrir.

Þetta eru:

- Jóna Svandís Þorvaldsdóttir og dætur fyrir söng og tónlistarflutning
- Albert Eiríksson fyrir almenn skemmtilegheit og bókakynningu
- Óli Geir danskennari fyrir skemmtilega danskynningu
- Elísabet Heiða Harðardóttir fyrir fróðlegt og hvetjandi erindi sem bar yfirskriftina Sterkari konur – sterkari framtíð.
- Hrafnhildur Hreinsdóttir fyrir skemmtilega barnabókakynningu.
- Ásgeir Ásgeirsson og Þorkell ? frá Djúpavogi fyrir tónlistarflutning.
- Séra Þorvaldur Víðisson fyrir fallett innlegg inn í aðventuna.
- Sigurborg Hilmarsdóttir fyrir skemmtilegt og fróðlegt erindi um Kvenréttindafélag Eskifjarðar.

Þess má geta að Jóna Svandís Þorvaldsdóttir lánar félaginu hljóðkerfi endurgjaldslaust á alla fundi félagsins og fær hún bestu þakkir fyrir.

Árleg ferð félagskvenna

Að þessu sinni var farin dagsferð upp á Akranes í septembermánuði, svokölluð Skvísuferð á Skagann. Veðrið var bjart og fallett en lognið fór kannski fullhrott í byrjun dags. Það hægðist þó fljótlega á því. Þrjátíu konur fóru í ferðina sem var hin skemmtilegasta. Fyrst var heimsókn í Vitann þar sem hópurinn fékk góða leiðsögn og þar var einnig sungið enda Akranesviti þekktur fyrir frábæran hljómburð. Svo fór hópurinn í Verslunina Bjarg, sem býður upp á kven- og karlafatnað og snyrtivörur. Hjónin Rán Kristinsdóttir frá Neskaupstað og Fannar Baldursson tóku einstaklega vel á móti hópnum með góðum veitingum og hagstæðum afsláttarkjörum. Hópurinn rölti svo

áfram um miðbæ Akraness og heimsótti fleiri búðir. Margar félagskonur gerðu sín kaup á þessu búðarölti, sumar stungu sér inn á kaffihús og nutu þess að fá sér góðan kaffibolla á milli búða. Eftir röltið var Byggðasafnið að Görðum heimsótt og þar fyrir utan var verið að selja nýuppteknar kartöflur, rófur, næpur og fleira, beint af býli. Þar komust félagskonur heldur betur í feitt og keyptu nánast upp lagerinn. Það voru örugglega ekki margir á Akranesi sem fengu nýjar kartöflur með soðningunni þennan dag en austfirskar konur hrósuðu happi og buðu upp á glaðninginn um allt höfuðborgarsvæðið! Hópurinn snæddi svo saman í klúbbhúsi Golfklúbbsins Leynis og var sérstaklega góður andi í hópnum. Það voru sælar félagskonur sem stigu út úr rútunni við Grensáskirkju síðdegis þennan dag.

Þess bera að geta sérstaklega að tvö fyrirtæki styrktu haustferð félagsins rausnarlega, þ.e. fyrirtækin V. Jónsson og Kopar og zink sem styrktu ferðina um kr. 50.000 kr. hvort. Styrkirnir komu sér einstaklega vel og urðu til þess að aðgangseyrir að ferðinni var mjög hóflegur. Kann félagið þeim miklar þakkir fyrir stuðninginn.

Félagatal

Félagar í félaginu teljast þeir sem greiða árgjald til félagsins ásamt þeim félagskonum sem hafa náð 90 ára aldri og eru því undanþegnar árgjaldi.

Það fækkaði aðeins í hópi félagskvenna á milli ára og eru nú 68 konur skráðar í félagið, 56 greiðandi og 12 gjaldfrjálsar. Hins vegar hefur verið gestkvæmt á fundum félagsins yfir árið.

Gestum fylgir innkoma í formi aðgangseyris og er þeim vel tekið enda vonandi um framtíðar félagskonur að ræða.

Edda Lýðsdóttir, félagi og fyrrum stjórnarkona í félaginu, lést snögglega í októbermánuði síðastliðnum og er hennar sárt saknað enda var hún mjög virk í félaginu og kvenna hressust. Guð blessi minningu Eddu og annarra félagskvenna sem farnar eru í Sumarlandið á undan okkur hinum.

Fjárhagur

Aðgangseyrir að kaffihlaðborði, árgjöld og happdrætti/bingó eru aðal tekjulindir félagsins.

Stærsti hlutinn af tekjum félagsins renna til góðgerðamála, að frádregnum föstum kostnaði félagsins, svo sem salarleigu og kaffikostnaði. Reynt hefur verið af fremsta megni að reka félagið með lágmarkskostnaði.

Minningarsjóður

Sala minningarkorta hefur dregist saman undanfarin ár en alltaf kemur eitthvað inn af sölutekjum á hverju ári og mun félagið halda áfram að bjóða minningarkortin til sölu.

Styrkir félagsins

Stjórnin lagði tvær tillögur um styrkveitingar á aðalfundi félagsins í mars 2025.

Samkvæmt ákvörðun aðalfundar voru eftirfarandi styrkir veittir:

- 250 þúsund króna styrkur til starfsemi Bergsins, Headspace. Sigurþóra Bergsdóttir framkvæmdastjóri Bergsins mætti á aprílfund félagsins, kynnti það mikilvæga starf sem þar er unnið í þágu barna og ungmenna og veitti styrknum viðtöku. Færði Sigurþóra félaginu góðar þakkir fyrir stuðninginn.

- 250 þúsund króna styrkur til Píeta samtakanna, til stuðnings nýrrar starfsstöðvar samtakanna á Reyðarfirði. Styrkurinn var afhentur formlega á septemberfundi félagsins. Guðrún Birna, markaðs- og kynningarstjóri samtakanna mætti á fundinn, ávarpaði fundarkonur og veitti styrknum viðtöku. Guðrún Birna talaði beint inn í hjörtu viðstaddra enda stendur málefnið öllum í samfélaginu nærri. Félaginu voru færðar hlýjar þakkir fyrir stuðninginn.

Líkt og fyrri ár, voru Hringskonur með fallegan varning til sölu á desemberfundi félagsins, þar sem safnaðist dágóð upphæð til stuðnings Barnaspítalasjóði Hringsins. Söluvarningur Hringskvenna er afskaplega fallegur og voru ýmsar jóla- og tækifærisgjafir keyptar af félagskonum það kvöldið. Alveg skothellt að slá tvær flugur í einu höggi, kaupa fallega hluti og styrkja gott málefni í leiðinni.



Stórafmæli félagskvenna

Stjórnin hélt áfram þeim sið að gleðja allar félagskonur sem eiga merkisafmæli á milli funda með örlitlum afmælisglaðningi. Hver afmælistkona fékk rós, heklaðan englavæng og hlýjar kveðjur frá félaginu með þökkum fyrir þeirra framlag til félagsstarfsins. Í þeim tilfellum sem ekki tókst að afhenda afmælisglaðninginn á kaffifundum þá heimsótti formaður viðkomandi og afhenti glaðninginn persónulega.





Stefna og markmið

Stjórn félagsins vinnur að settum markmiðum á hverju starfsári og hefur stuðst við þau markmið sem stjórnin setti sér árið 2023 þegar meirihluti hennar var kjörinn til starfa.

Stjórnin hefur reynt að halda stöðugleika og festu í starfseminni til að treysta framtíð félagsins í sessi. Jafnframt er reynt að laða fleiri konur til félagsins, bæði sem félagskonur og einnig gesti á fundi og með því að auka tekjur félagsins svo það geti gert meira gagn úti í samfélaginu með styrkjum og stuðningi.

Markmið 1 - Að fjölga félagskonum þannig að þær verði a.m.k. 100 talsins við lok kjörtímabils stjórnarinnar 2023-2025.

Þó að þessu markmiði hafi ekki enn verið náð þá má segja að um 100 einstaklingar séu á bak við mætinguna á fundi félagsins því alltaf er töluverður fjöldi af gestum á hverjum fundi, gestum sem greiða aðgangseyri að fundinum en ganga þó ekki í félagið. Verkefni stjórnarinnar næsta starfstímabilið verður að reyna að gera betur í fjölga félagskonum.

Vefsíða félagsins og Facebook hafa hjálpað mikið til við að auka vitund um félagið og áhuga á félagsstarfinu.

Markmið 2 - Að þetta dagskrá og umgjörð kaffifundanna til að gera starfið faglegra.

Það er alltaf áskorun að finna dagskrárefni á fundi félagsins en stjórnin hefur reynt að vera úrræðagóð og hafa fjölbreytni í dagskrárliðum, með föstum liðum inni á milli, eins og t.d. spilabingó og happdrætti, sem eru aðal tekjulind félagsins fyrir utan aðgangseyri að fundum. Reynt hefur verið að virkja félagskonur betur við að koma fram með hugmyndir að dagskrárliðum og hefur það skilað skemmtilegri tilbreytni í fundarstarfið.

Markmið 3 - Að fara a.m.k. eina skemmtiferð á ári.

Að þessu sinni var farin dagsferð í septembermánuði, til Akraness. Þetta markmið telst því uppfyllt á árinu 2025.

Markmið 4 - Að auka tekjur félagsins.

Með fjölgun þátttakenda á félagsfundum og meiri stöðugleika í fundarsókn hefur tekjuflæði félagsins batnað og orðið stöðugra. Félagsstarfið hefur hlotið nokkra góða styrki úr atvinnulífinu til starfsins.

Markmið 4 - Að auka fjárframlög til góðgerða, hvort sem er með peningagjöfum eða varningi.

Að þessu markmiði er unnið stöðugt og er félagið nú að veita 500 – 700 þúsund krónur árlega í styrki til góðgerðamála. Alltaf má þó gera betur og er stjórnin opin fyrir öllum tillögum til enn frekari tekjuöflunar í þessum tilgangi.

Markmið 5 - Að finna samstarfsaðila sem leggja vilja góðu málefni lið.

Það hefur gengið mjög vel hjá félaginu að afla vinninga til spilabingós og jólahappdrættis. Félagið fékk tvo veglega styrki til að nota í haustferðina, sem gerði það að verkum að ferðin var á mjög sanngjörnu verði fyrir þátttakendur.

Markmið 6 - Að endurnýja búnað og kaupa nýjan búnað sem félagið þarf að eiga fyrir starfsemina, svo sem fyrir fundi og viðburði.

Félagið er nokkuð vel sett með þann búnað sem það þarf til félagsstarfsins. Langtímamarkmið er að það komi sér upp eigin hljóðkerfi fyrir fundina.

Markmið 7 - Að gera félagið sýnilegra og gegnsærra

Vefsíðan www.austfirskar.is var sett í loftið í september 2023 og félagið hefur verið ágætlega virkt á facebook. Allir viðburðir eru auglýstir á þessum miðlum og má ætla að þeir komi félaginu vel á framfæri og laði að þátttakendum í félagsstarfið. Áætlað er að nýta miðla félagsins enn betur í framtíðinni til að ná til stærri og breiðari hóps.

Markmið 8 - Að tryggja vörslu sögulegra heimilda.

Á vefsíðu félagsins er að finna fundargerðir félagsins frá árinu 2019 og til dagsins í dag, myndir úr starfinu, bæði nýjar og gamlar, upplýsingar um fyrri formenn félagsins, núverandi stjórn og styrkveitingar síðustu ára. Búið er að skanna myndaalbúm frá Sigrúnu Haraldsdóttur og Eddu Lýðsdóttur og birta inni á síðunni og myndir frá Elmu Eide Pétursdóttur og Möggu Unnars bíða vinnslu. Einnig er þar fréttasafn um það helsta sem gerist í félagsstarfinu.

Ennfremur bíður það verkefni að skanna inn eldri gögn og myndir sem stjórn hefur undir höndum frá fyrri stjórnnum en áfram er stefnt að því að bæta þar úr um leið og færi gefst. Þegar búið verður að skanna inn gögn félagsins þá er stefnt að því að koma fundargerðarbókum og heimildum frá félaginu til varðveislu á viðeigandi safni til að tryggja að eldri heimildir um félagið glatist ekki.

Þess má einnig geta að full þörf er á að endurskoða og uppfæra lög sambandsins. Það verkefni hefur verið á dagskrá síðustu starfstímabil en ekki náðst að ráðast í það vegna annarra verkefna stjórnarkvenna. Stjórnin hefur hug á að skrá félagið á Almannaheillaskrá, til að freista þess að auðvelda styrkumleitun til starfsins en til þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru af hálfu Skattsins þá verður að ráðast í að aðlaga lög félagsins að þeim.

Markmið 9 - Að besta nýtingu fjár

Unnið er eftir fjárhagsáætlun og reynt er að leita hagkvæmustu leiða við allan rekstur félagsins.

Að lokum

Stjórnin hefur verið samstillt til verka á kjörtímabiliu, líkt og fyrri ár. Samstarfið hefur gengið afskaplega vel og stjórnarkonur hafa gengið í öll störf eftir þörfum.

Vonandi heldur félagið áfram að vaxa og dafna. Þetta er dýrmætur félagsskapur og skemmtilegur og krafturinn er áþreifanlegur. Það er eitthvað fallett við að þetta samstöðu, vináttu og viðkynningu austfirska kvenna. Reynsla fundarkvenna af búsetunni í þorpunum smáum sem stórum fyrir austan, hvort sem hún hefur verið löng eða stutt, hefur gefið af sér samhug, greiðvikni og velvilja sem skilar sér fallega í okkar skemmtilega og vonandi sístækkandi góðgerðafélag.

Það er hverju samfélagi styrkur að hafa starfandi félag sem þetta, sem leggur hjartað í að styðja þá sem minna mega sín eða heyja baráttu af einhverju tagi.

Takk fyrir skemmtilega samferð á starfsárinu 2025 – 2026.

Stjórn Félags austfirska kvenna í Reykjavík